

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194 26. nóvember 1949, um búnaðarmálasjóð.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:
- Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem ekki eru útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómaþúum og smjörsamlögum, svo og annarri mjólk, sem verðjöfnunarskyld er samkvæmt lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
 - Kindakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði, svo og slátri og kindainnyflum hvers konar.
 - Hrossa- og nautgripakjöti svo og húðum, sem selt er verzlunum af einstaklingum, sláturhúsum eða öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 22. febrúar 1949.
 - Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
 - Garðávöxtum, er framleiðandi hefur selt eða lagt inn í verzlun eða til sölumiðstöðvar.
 - Eggjum, sem seld hafa verið verzlun eða sölumiðstöðvum, svo og fuglakjöti.
 - Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlaniir eða sölumiðstöðvar verzla með.
 - Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlaniir eða verksmiðjur.
 - Grávöru hvers konar, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.
 - Svínakjöti, sem selt er verzlunum af einstaklingum eða sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum.
 - Æðardún, sem seldur er verzlunum hvort sem hann er seldur innanlands, eða fluttur úr landi.
 - Laxi, sem seldur er verzlunum eða sölumiðstöðvum.
 - Hótel og aðrir opinberir veitingastaðir, sem taka á móti gjaldskyldum vörum beint frá framleiðendum, skulu standa skil á gjaldinu eins og um verzlaniir væri að ræða.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, sbr. lög nr. 34 1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

B 9